



Safnaðarblað Akureyrarkirkju



Aðventuhugvekja

Guð kemur til mín í geislum sólar og veitir mér yl í desember. Glampar og tindrar á ís. Snjór skryðir fjöll niður að sjó. Börnin leika sér í snjónum og hlæja. Guð kemur til mín í barni sem brosir, skríður upp í fang mitt og segir: Pabbi, það snjóar!

Guð kemur til mín í ljósum sem lýsa upp bæinn og hrekja burt vetrarmyrkur. Glampar í augum gleði og von. Fólkið á ferli í búðum og á strætum. Söngur á götum og glaðlegar kveðjur. Guð kemur til mín í trúna á torginu, stjörnum og ljósum, sem visa mér veginn, á lífið sem sigar.

Guð kemur til mín í hendi barnsins sem læðist í lófa minn er biðjum við saman. Geislar kærleika Guðs tengja ástvinu saman. Kirkjan í bænnum stundirnar telur. Eilífðarstundin eitt augnablik varir. Guð kemur til mín í viðkvæmu þeli, næmi og mildi, handan við tíma að kvöldi dags. Guð kemur til mín í naturkyrrðinni og stjórnun yfir firðinum djúpa. Sé ég jólin koma í augum barnanna? Heyri ég klukkuna æviferil minn stíka? Skynja ég Guð á líðandi stund? Guð kemur til mín sem mannsbarn á jörðu og gefur mér lífið.

Guðmundur Guðmundsson

Jólasöngvar

Hinir árlegu jólasöngvar Kórs Akureyrarkirkju verða haldnir sunnudaginn 13. desember kl. 17 og 20. Kórinn mun flytja hátíðleg og falleg jólalög, meðal annars þrjú jólalög Ríkisútvarpsins frá síðustu árum.

Að venju verður hluti jólasöngvanna helgaður almennum söng. Kirkjugestir taka þá kröftuglega undir með kór og organista í þekktum jólalögum. Undanfarin ár hefur kirkjan verið þétt

setin og því er fólk hvatt til að mæta tímanlega.

Kórinn hefur stækkað mikið undanfarin ár og í honum eru nú yfir 80 félagar. Það er því hægt að lofa kraftmiklum og þéttum söng. Stjórnendur og organistar eru Sigrún Magna Þórsteinsdóttir og Eyþór Ingi Jónsson.

Aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Sunnudagaskólinn:

Mikil og góð þátttaka

Í sunnudagaskólanum í vetur hefur verið mikil og góð þátttaka, þar syngjum við sunnudagaskólalögin, heyrum biblíusögur, horfum á brúðuleikrit og margt fleira.

Við höfum fengið góða gesti og gert margt skemmtilegt og um leið og við þökkum öllum þeim sem hafa verið með okkur, fyrir yndislegar stundir á sunnudagsmorgnum, viljum við vekja athygli á því sem framundan er.

Fyrsta sunnudag í aðventu, þann 29. nóvember, verður fjölskylduguðsþjónusta í Akureyrarkirkju, þann 13. desember er aðventuhátíð barnanna, og á öðrum degi jóla er fjölskylduguðsþjónusta í Akureyrarkirkju og jólatrés-skemmtun í Safnaðarheimilinu að guðsþjónustu lokinni.

Í janúar eigum við svo von á Helgu Steffensen í heimsókn til okkar. Allir hjartanlega velkomnir.



Sunnudagaskólalögin sungin.



Kór Akureyrarkirkju flytur hátíðleg og falleg jólalög.

Barnakórastarfið með blómlegasta móti

Barnakórastarfið í kirkjunni hefur verið með blómlegasta móti í haust. Sífellt fleiri eru að bætast í yngri kórinn og eru nú skráðir félagar 40 talsins. Mæting á æfingar hefur verið með besta móti og frábær andi í hópnum. Kórinn hefur sungið við tvær fjölskyldumessur í haust og mun syngja í tveimur til viðbótar fyrir jól. Einnig mun kórinn syngja á Ráðhústorginu þegar kveikt verður á jólatrénu þann 28. nóvember og taka þátt í helgileik í fjölskylduguðsþjónustu á öðrum degi jóla.

Matthíasar Jochumssonar þann 11. nóvember og nú standa yfir æfingar fyrir aðventukvöld kirkjunnar. Þá mun kórinn syngja ásamt stúlnakór Akureyrarkirkju og flautuleikaranum Unu Björgu Hjartardóttur. Stúlkurnar munu svo flytja helgileik í kirkjunni á öðrum degi jóla.

Eins og sjá má er margt spennandi framundan og áhugasöm börn eru hvött til að koma og taka þátt í skemmtilegu og skapandi tónlistarstarfi. Æfingar yngri kórsins (2.-4. bekkur) eru á fimmtudögum frá kl. 15.00-16.00 og æfingar eldri kórsins (5.-7. bekkur) eru á fimmtudögum frá kl. 16.00-17.00.



Mikið fjór á æfingu yngri barnakórsins.

Mánudagar gegn mæðu

Síðasta haust hófust samverur í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju undir yfirskriftinni Mánudagar gegn mæðu. Voru þá haldnar fimm slíkar. Þar komu góðir gestir og ræddu um ýmis mál. Einnig flutti tónlistarfólk list sína.

Framhald verður á þessum samverum í vetur og sú fyrsta var í byrjun

nóvember. Gesturinn, Corinne Dempsey, prófessor í trúarbragðafræðum í Wisconsin í Bandaríkjunum, ræddi um rannsóknir sínar á andlegum hæfileikum á Inlandi og Íslandi. Einnig komu fram, opinberlega í fyrsta skipti, stúlkur úr kórastarfi Akureyrarkirkju og sungu þær við undirleik Sigrúnar Mögnu Þórsteinsdóttur, organista.



Kirkjuverðir Akureyrarkirkju, Sveinn Jónasson og Stefán Arnaldsson, á eftirlitsferð við kirkju sína núna á dögnum.



Stúlkur úr kórastarfi Akureyrarkirkju ásamt stjórnanda sínum Sigrúnu Mögnu Þórsteinsdóttur.

Útsending í þágu notenda heyrnartækja

Að gefnu tilefni vilja starfsmenn Akureyrarkirkju benda kirkjugestum á að eftir að nýtt og glæsilegt hljóðkerfi var sett í kirkjuna er eftir sem áður tónmóskvi virkur.

Notendum heyrnartækja er bent á að stilla heyrnartækið á „T“ til að ná útsendingu frá tónmóskva.

Þeim sem ekki hafa getað nýtt sér tónmóskvann er bent á að hafa samband við þjónustuaðila heyrnartækisins vegna þess að það bjóða ekki öll ný heyrnartæki upp á þennan möguleika og sum heyrnartæki sem bjóða upp á möguleikann eru ekki með hann virkan.

Starfið í Akureyrarsókn á næstunni

NÓVEMBER

29. nóvember, fyrsti sunnudagur í aðventu.

Fjölskylduguðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Prestur er sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir. Yngri barnakór Akureyrarkirkju syngur. Organisti er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir.

Guðsþjónusta á Kjarnalundi kl. 14:00. Guðsþjónusta á Hlíð kl. 15:00.

Æðruleysismessa í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

Prestur er sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir.

DESEMBER

3. desember, fimmtudagur Samvera eldri borgara í Safnaðarheimilinu kl. 15:00.

6. desember, annar sunnudagur í aðventu.

Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Prestur er sr. Svavar Alfreð Jónsson. Félagar úr Kór Akureyrarkirkju syngja. Organisti er Eyþór Ingi Jónsson.

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili kl. 11:00.

Aðventukvöld í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

Prestur er sr. Guðmundur Guðmundsson. Ræðumaður: Stefán B. Sigurðsson, rektor Háskólans á Akureyri. Stúlnakór og eldri barnakór Akureyrarkirkju syngja við undirleik Unu Bjargar Hjartardóttur, flautuleikara, og Þuríðar Helgu Ingvarsdóttur, fiðuleikara.

8. desember, þriðjudagur Fermingarfræðsla kl. 15:00-17:00. Hópur III.

13. desember, þriðji sunnudagur í aðventu.

Aðventuhátíð barnanna í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Prestur er sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir. Yngri barnakór Akureyrarkirkju og Kór Lundarskóla syngja.

Jólasöngvar Kórs Akureyrarkirkju kl. 17:00 og 20:00.

Organistar eru Eyþór Ingi Jónsson og Sigrún Magna Þórsteinsdóttir.

15. desember, þriðjudagur Fermingarfræðsla kl. 15:00-17:00. Hópur I.

17. desember, fimmtudagur Styrktartónleikar Líknarsjóðsins Ljósberans í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

Allur ágóði rennur til bágstaddra fyrir jólin.

20. desember, fjórði sunnudagur í aðventu.

Guðsþjónusta í kapellu kl. 11:00.

Prestur er sr. Svavar Alfreð Jónsson. Félagar úr Kór Akureyrarkirkju syngja. Organisti er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir.

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili kl. 11:00.

24. desember, aðfangadagur Aftansöngur í Akureyrarkirkju kl. 18:00.

Prestur er sr. Guðmundur Guðmundsson. Kór Akureyrarkirkju syngur. Organisti er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir.

Miðnæturmessa í Akureyrarkirkju kl. 23:30.

Prestur er sr. Svavar Alfreð Jónsson. Kammerkórinn Hymnodia syngur. Organisti Eyþór Ingi Jónsson.

25. desember, jóladagur Hátíðarmessa í Akureyrarkirkju kl. 14:00.

Prestur er sr. Jóna Lovisa Jónsdóttir. Félagar úr Kór Akureyrarkirkju syngja. Organisti er Eyþór Ingi Jónsson.

Hátíðarmessa í kapellu FSA kl. 15:30.

26. desember, annar í jolum Fjölskylduguðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Prestur er sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir. Barnakór kirkjunnar flytja helgileik. Organisti er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir. Jólatrés-skemmtun í Safnaðarheimili að guðsþjónustu lokinni.

Messa í Minjasafnskirkjunni kl. 17:00.

Prestur er sr. Svavar Alfreð Jónsson.

27. desember, sunnudagur Æðruleysismessa í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

Prestur er sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir.

31. desember, gamlársdagur Aftansöngur í Akureyrarkirkju kl. 18:00.

Prestur er sr. Svavar Alfreð Jónsson. Félagar úr Kór Akureyrarkirkju syngja. Organisti er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir.

JANÚAR

1. janúar, nýársdagur Hátíðarmessa í Akureyrarkirkju kl. 14:00.

Prestur er sr. Guðmundur Guðmundsson. Félagar úr Kór Akureyrarkirkju syngja. Organisti er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir.

FASTIR LIÐIR

Mánudagar: Sóknarnefndarfundir eru fyrsta mánu- dag hvers mánaðar.

Þriðjudagar: Morgunsöngur í kapellu kl. 9:00. Fermingarfræðsla kl. 15:00-17:00.

Æfing ungkvennakórs Akureyrarkirkju kl. 16:30.

Æfing Kórs Akureyrarkirkju kl. 20:00-22:00.

Miðvikudagar: Mómmorgunn kl. 9:30-11:30. Kirkjukrakkur kl. 15:00-16:00.

TTT kl. 17:00-18:00.

ÆFAK kl. 20:00-21:00.

Fimmtudagar: Kyrrðar- og fyrirbæstund kl. 12:00. Léttur hádegisverður í Safnaðarheimilinu eftir stundina.

Æfing yngri barnakórs kl. 15:00-16:00.

Æfing eldri barnakórs kl. 16:00-17:00.

Æfing Stúlnakórs kl. 17:00-19:00.

Nánari upplýsingar um safnaðarstarfið og viðtalstíma prestanna er að finna á heimasíðu kirkjunnar – akirkja.is sími 462 7700.

Safnaðarblað Akureyrarkirkju

Ábyrgðarmenn: Gyða Hrönn Sigþórsdóttir, Sólveig Halla Kristjánsdóttir og Svavar Alfreð Jónsson.